

Teikn á lofti ehf
Halldór Jóhannsson
Skipagötu 12
Pósthólf 170
602 Akureyri



Reykjavík, 29. janúar 2009
Tilvísun: UST20090100003/ksj

Deiliskipulag

Vísað er til erindis Teikn á lofti ehf. er barst þann 5. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði.

Markmið og afmörkun

Markmið deiliskipulagsins er að afmarka og skilgreina nánar frekari uppbyggingu og umferðarmál á hafnar- og miðsvæðinu á Vopnafirði. Svæðið sem deiliskipulagið tekur til afmarkast af götunni Hafnarbyggð í vestri, bryggjunni Ásgarði í norðri, hafnarbakkanum í austri og strandlínunni í suðri. Skipulagssvæðið er rúmlega 8,4 ha. að stærð.

Fyrirhugaðar framkvæmdir

Deiliskipulagstillagan nær yfir núverandi byggingar auk níu byggingarreita. Gert er ráð fyrir landfyllingu frá Kaupfélagsbryggju að Ásgarði sem er í samræmi við nágildandi aðalskipulag. Ekki kemur fram hve stór landfylling kemur til með að verða, en landfyllingar sem eru áætlaðar 5 ha eða stærri eru tilkynningaskyldar samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagstillagan felur m. a. í sér að núverandi olíubirgðastöð verði rifin og ný olíubirgðastöð verði reist á lóð norðan við núverandi staðsetningu. Einnig er gert ráð fyrir að ný mjölverksmiðja verði reist og núverandi mjölverksmiðja verði nýtt sem geymsla. Skipulagstillagan tekur einnig á almennri umferð og aðkomu á hafnarsvæðið og umferðarstýringu.

Umhverfisáhrif

Ný verksmiðja sem áætlað er að reisa verður með 850 tonna vinnslugetu á sólarhring sem er aukning frá vinnslugetu núverandi verksmiðju, og mannvirki verða hærri og stærri og reykháfur hærri. Framkvæmdin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar og fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000. Helstu áhrif á umhverfið verða sjónræn þar sem verksmiðjuhús, skorsteinar og mjölsíló verða mun hærri en núverandi byggingar, einkum sílöin. Þó fráveituvatn aukist um 30% eru allar aðstæður fyrir hendi til að fylgjast vel með og koma í veg fyrir mengun ef með þarf og eðlilegt er að á slíku sé tekið í starfsleyfi. Sama gildir um


hreinsun og meðhöndlun lofts.

Umhverfisstofnun telur að sjónræn áhrif vegna nýrrar verksmiðju og bygginga tengda henni verði nokkur. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vanda litanotkun á yfirborðsklæðningu verksmiðjunnar svo hún falli sem best að nærumhverfi sínu.

Umhverfisstofnun telur að önnur umhverfisáhrif umfram það sem er í dag, verði lítil og geti jafnvel minnkað. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem um framleiðsluaukningu er að ræða þarf nýtt starfsleyfi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun